



## A 1811/præsidiet

Flytjandi	Forsætisnefndin
Afgreiðsla	Forsætisnefndin

**Forsætisnefndartillaga  
um breytingar á greinum 44, 65 og 83 í starfsreglum Norðurlandaráðs****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að breyta greinum 44, 65 og 83 í starfsreglum Norðurlandaráðs frá og með 1. janúar 2020 svo að þær hljóði á þessa leið:

**44. gr. Nefndaskipan**

Þingið kýs formann, varaformann og fimm almenna fulltrúa í eftirlitsnefnd auk persónulegra staðgengla fyrir alla fimm sem komi hver frá sínu landi. Enginn þeirra má vera eða hafa á undangengnu almanaksári verið fulltrúi eða staðgengill í forsætisnefnd eða í stjórn Norræna menningarsjóðsins. Öll lönd skulu eiga fulltrúa í nefndinni.

Ákvæði 23. gr. og 30. gr. eiga hér við að breyttu breytanda. Formaðurinn getur ákveðið að efna til aukafundar og skal boða til hans ef þrír nefndarmenn fara fram á það.

Í forföllum formanns og varaformanns velur nefndin fundarstjóra.

**65. gr. Útnefningar**

Flokkahópar og fulltrúar sem standa utan flokkahópa fá frest, sem kjörnefnd ákveður, til að útnefna frambjóðendur til kosninga sem fram fara á þingfundi.

Landsdeildirnar tilnefna þó frambjóðendur til forseta og varaforseta Norðurlandaráðs og fimm almenna fulltrúa í eftirlitsnefnd auk persónulegra varafulltrúa þeirra.

Landsdeildirnar tilnefna einnig fulltrúa í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og stjórn Norræna menningarsjóðsins.

Við útnefningarnar ber að leitast eftir jafnvægi milli landa og kynja og enn fremur, sé þess kostur, nefndarsetu á þjóðþingum.



### 83. gr. Reikningskil

Hafi flokkahópar og fulltrúar sem standa utan við flokkahópa fengið fjárveitingu samkvæmt 81. gr. eða 82. gr. ber þeim, ekki síðar en 15. maí, að skila ársreikningum fyrir undangengið ár. Eftirlitsnefndin fer yfir reikningana á fyrsta fundi sínum eftir 15. maí. Þingfundi er heimilt að setja nánari reglur um reikningskil.

### Bakgrunnur

Forsætisnefnd hyggst með þessari tillögu skýra betur orðalag í starfsreglunum til að fyrirbyggja misskilning í framkvæmd og forðast vanhæfi í starfsemi Norðurlandaráðs.

### Álit forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin telur að breyta þurfi 44. gr. til að forðast vanhæfi þannig að girt verði fyrir að fulltrúar sitji bæði í eftirlitsnefndinni og stjórn Norræna menningarsjóðsins. Ástæðan er að eftirlitsnefndin hefur eftirlit með fjárreiðum Norræna menningarsjóðsins. Forsætisnefndin telur enn fremur að breyta þurfi greininni svo að skýrt verði að aðalfulltrúum nefndarinnar beri persónulegir staðgenglar frá sama landi í því skyni að tryggja að fulltrúar landanna, sem fjármagna norrænt samstarf, eigi ávallt kost á að hafa þinglegt eftirlit með notkun á norrænu fjármagni.

Forsætisnefndin er þeirrar skoðunar að einnig þurfi að breyta 65. gr. til að tryggja löndunum möguleika á að hafa þinglegt eftirlit með notkun á norrænu fjármagni á þann hátt að landsdeildirnar tilnefni fimm aðalfulltrúa eftirlitsnefndarinnar og persónulega varafulltrúa þeirra en að flokkahóparnir haldi áfram að tilnefna formann og varaformann.

Forsætisnefndin telur að breyta þurfi 83. gr. til að fyrirbyggja að sú staða komi upp að fulltrúar í forsætisnefnd sem jafnframt eru formenn flokkahópa fari í saumana á ársreikningum sem fulltrúarnir hafa sjálfir undirritað. Eftirlitsnefndin eigi þess vegna að fara yfir ársuppgjör flokkahópanna.

Helsingfors, 3. september 2019

*Annette Lind (S)*  
*Christian Juhl (EL)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Heidi Greni (Sp)*  
*Magnus Ek (C)*

*Martin Kolberg (A)*  
*Michael Tetzschner (H)*  
*Ruth Marie Grung (S)*  
*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*  
*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*  
*Wille Rydman (saml)*